


Fréttabréf


FIT



12. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2014



**Kjarasamningar samþykktir
Endurnýjun á Akureyri
Tillaga uppstillingar-
nefndar**



Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú er skráður þar fjöldi fyrirtækja sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini í FIT. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérafslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Leigureglur fyrir húsið á Florída

Til að tryggja að ekki verði um misnotkun að ræða á leigu á húsinu í Orlando gildir sú regla að þegar sóttur er lykill að húsinu á skrifstofuna í Borgartúni 30, verður leigjandi að framvísa flugmiða til USA sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti er til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli, sé sjálfur að fara í húsið.

Önnur regla: LOKAÐ verður til 10. mars á bókunir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hefur farið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa farið. Þessi regla er sett þar sem mikið er kvartað yfir að sama fólkið sé alltaf að fara í húsið.

Við minnum á að opnað er fyrir leigu á húsinu á Florída á orlofsvefnum í byrjun mars árlega og því verður opnað fyrir árið 2014 mánudaginn 3. mars kl.13:00. Fyrstur pantar, fyrstur fær.

Félagsskírteini og dagbók

Félagsskírteini og dagbók voru send út í desember. Þeir félagsmenn sem af einhverjum orsökum telja sig ekki hafa fengið slíkt í hendur eru vinsamlega beðnir að hafa samband við skrifstofu.

Fréttabréf FIT
1. tbl. 12. árg. janúar . 2014

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is




Bridge


Spilað er í salnum á 6. hæð í Borgartúni 30 annan hvern fimmtudag kl 19:30.

Mótaröð fram á vorið 2013 er eftirfarandi:

- 09.01 Byko tvímenningsmót
- 23.01 Byko tvímenningsmót
- 06.02 Byggið tvímenningsmót
- 20.02 Byggið tvímenningsmót
- 06.03 Aðalsveitakeppni Húsasmiðjunnar
- 20.03 Aðalsveitakeppni Húsasmiðjunnar
- 04.04 Einmenningur og uppgjör vetarins



Nýr orlofshúsabæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2014 er kominn út og fylgir fréttabréfinu. Að þessu sinni er boðið uppá 29 orlofsíbúðir auk íbúðar í Reykjavík sem er í dagsleigu og húss á Florída sem er í dagsleigu. Ekki verður boðið uppá ferðavagna (tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíl) en þess í stað verður boðið uppá

svokallaðar orlofspunktaávísanir sem jafngilda 20.000 krónum til þeirra sem leggja fram reikning um leigu á ferðavagni. Þá verða í boði afslættir á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar vegna hótulgistinga, veiðikortið og fleira. Opið verður fyrir sumarumsóknir á heimasíðu FIT frá 14. febrúar til og með 14. mars og tilkynnt um úthlutun 18. mars. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Út í bláinn

„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og hvetjum við félagsmenn og fjölskyldur þeirra til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram í maí. Mæting er við Borgartún 30 kl.13. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á létta strengi. Frekari upplýsingar fást á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Félagsmenn FIT samþykkja kjarasamninga



Félagsmenn FIT samþykktu kjarasamning Samiðnar við Samtök atvinnulífsins frá 21. desember. Samningurinn gildir til áramóta og kveður á um 2,8% hækkun launa og launatengdra liða, auk sérstakrar hækkunar lægstu launa.

Það var sameiginlegt markmið samtaka launafólks á almenna vinnumarkaðnum og samtaka opinberra starfsmanna að færa áherslur hér á landi í átt að því sem tíðkast hefur á Norðurlöndunum við gerð kjarasamninga og stuðla þannig að auknum stöðugleika. Vegna þess fóru fulltrúar frá verkalyðsfélögum á almenna markaðnum og samtökum opinberra starfsmanna saman til Norðurlandanna fyrir nokkrum mánuðum til að kynna sér gerð kjarasamninga þar. Í anda þessa sameiginlega markmiðs var einhugur um það í þessum hópi að stefna ætti að gerð skammtímasamnings sem hefði það að markmiði að ná niður verðbólgu og tryggja stöðugt verðlag. Ætlunin var að skapa þannig forsendur fyrir því að hægt yrði að gera samning til lengri tíma að þessu samningstímabili loknu.

Mjótt var á munum í atkvæðagreiðslu félagsmanna flestra verkalyðsfélaga á dögnum. Sú niðurstaða endurspeglar mismunandi viðhorf félagsmanna til þeirrar aðferðafræði sem samningurinn byggist á. Andstaðan á meðal annars rætur í vantrausti á að fyrirtæki og stjórnvöld standi við gefin loforð um að hækka ekki opinber gjöld og verð á vöru og þjónustu og velja þannig hinum hóflegu launahækkunum út í verðlagið.

Hluti félagsmanna skilaði einnig auðu og tjáði þannig óánægju sína án þess að lýsa sig tilbúinn til að fella samninginn með þeim afleiðingum sem slíkt mundi hafa. Afstaða þessa hóps réði úrslitum innan FIT en samkvæmt vinnulöggjöfinni sem gilt hefur á íslenskum vinnumarkaði árum saman þarf meirihluta greiddra atkvæða til þess að fella kjarasamninga.

Eins og mál höfðu þróast frá því að samningar voru undirritaðir þurfti ekki að koma á óvart að mjótt væri á munum. Strax við undirritun var ljóst að forsvarsmenn nokkurra verkalyðsfélaga innan ASÍ mundu berjast harkalega gegn því að samningarnir yrðu staðfestir. Eins stigu fram forsvarsmenn einstakra hópa opinberra

starfsmanna og gagnrýndu samninginn. Það kom því í ljós að ekki var sá einhugur innan launþegahreyfingarinnar um markmiðs samningsins sem talið hafði verið.

Eins má segja að framganga ríkisstjórnarinnar hafi ekki aukið trú í þjóðfélaginu á að hægt yrði að ná árangri í baráttu við verðbólgu og skapa grundvöll fyrir langtímasamningum næsta haust. Um áramótin tók ríkisstjórnin ákvarðanir í verðlags- og gjaldamálum sem gengu þvert gegn markmiðum samningsins. Þar má nefna 20% hækkun komugjalda í heilbrigðiskerfinu.

Það kom ekki síður í opna skjöldu að forsætisráðherra ákvað að ræða um nauðsyn þess að hækka lægstu launin í áramótaávarpi sínu. Nokkrum dögum áður hafði ríkisstjórnin hafnað óskum verkalyðshreyfingarinnar um að frekari hækkun persónuafsláttar yrði framlag ríkisstjórnarinnar til kjarasamninganna. Fjármálaráðherra beit svo höfuðið af skömminni með óljósum loforðum um að draga úr hækkunum gjalda en jafnframt mátti líta á ummælin sem hótanir um að efna ekki þau loforð ef samningar yrðu ekki samþykktir. Það er því enginn vafi á því að ríkisstjórnin ber umtalsverða ábyrgð á núverandi stöðu. Svo kann að fara að oddvitar ríkisstjórnarinnar eigi eftir iðrast þess að hafa ekki tekið betur undir óskir aðila vinnumarkaðarins í desember.

FIT á ennþá eftir að gera kjarasamninga við nokkra aðila, þar á meðal ríkið. Í ljósi niðurstöðunnar er nokkur óvissa uppi um framhaldið og erfitt að segja til um næstu skref. Samningar opinberra starfsmanna eru lausir nú um mánaðarmótin. Líklega er skynsamlegt fyrir þau verkalyðsfélög á almenna vinnumarkaðnum, sem enn eru með lausa samninga, að stíga til hliðar og gefa ríkisstjórninni og félögum opinberra starfsmanna sviðið, meðan þess er beðið að raunverulegar áherslur ríkisstjórnarinnar komi fram í kjarasamningum við félög opinberra starfsmanna. Hver sem niðurstaðan verður eru markmið núverandi samnings í fullu gildi hvað varðar að halda aftur af verðbólgunni með öflugri baráttu gegn hvers konar hækkunum á vöru og þjónustu.

Hilmar Hardarson, formaður FIT

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fimm meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, uppstillingarnefnd og helming trúnaðarráðs árlega.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMNINGANEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð

gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

Í samvinnu við ferðaskrifstofurnar Sumarferðir, Úrval-Útsýn og Plúsferðir, býður FIT félagsmönnum upp á 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna, frá maí og út september sumarið 2014.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 14. mars og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofssjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli. Með afsláttarkóða frá FIT bókar félagsmaðurinn hjá einhverri af ferðaskrifstofunum og skráir afsláttarkóðann í bókunina. Þá á afslátturinn að koma fram strax. Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur.

Opnað verður fyrir umsóknir 14. febrúar á orlofsvef FIT, umsóknarfrestur er eins og áður sagði til 14. mars og svör eiga að berast félagsmönnum 18. mars. Verði þessum 30 kóðum ekki úthlutað að fullu fer afgangurinn inn á vefinn 3. apríl og gildir þá fyrstur kemur, fyrstur fær.



**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNNI
Í SÍMA 535 6000**

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Ekki verður sent út umsóknareyðublað fyrir sumarúthlutun, heldur er eingöngu sótt um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 14. febrúar og lokað föstudaginn 14. mars. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir mönnum má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta þess í stað komið á einhverja af skrifstofum FIT eða sent **skriflegar óskir** til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist til FIT fyrir 14. mars.

Ekki verður tekið við umsóknum í síma.

Allir eiga svo að fá svar 18. mars og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt 2. apríl. Þann 3. apríl kl. 13:00 verður það sem ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kennitölu og lykilorð og velja viðeigandi mánuð, og svo tímabil í því húsi sem leigja á. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 6. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag. Verð á vikuleigu verður kr. 20.000.

FERÐAVAGNAR.

FIT Hefur ákveðið fyrirkomulag á leigu ferðavagna. Ekki verður hægt að fá tjaldvagna í gegnum orlofsíðu FIT, heldur verður hver og einn að annast leigu að öllu leyti sjálfur.

Eftir 12. ágúst verður síðan hægt að koma með eða senda umsókn ásamt fullnaðarkvittun fyrir leigu á hverskonar ferðavagni til skrifstofu FIT í Reykjavík og fá í staðinn 20.000 króna orlofspunktaávisun vegna leigunnar að uppfylltum skilyrðum.

- Félagsmaður þarf að leggja til 20 orlofspunkta af orlofspunktareikningi sínum hjá FIT.
- Leigusamningur verður að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera starfandi og skráð ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera 6 dagar eða lengur.



Aðeins þeir sem ekki fá aðra fyrirgreiðslu úr orlofsjóði geta fengið orlofspunktaávisun. Þannig á sá sem fær úthlutað bústað ekki rétt á að fá orlofspunktaávisun, sama á við þann sem fær úthlutað ferðaávisun.

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir á vegum Úrvals-Útsýnar, Plúsferða og Sumarferða. Sækja þarf um og sá sem fær úthlutun þarf að greiða kr 5.000.- en fær í staðinn afsláttarkóða upp á kr. 35.000.- sem hann slær inn við kaup á ferð hjá einhverjum af áðurtöldum ferðaaðilum.

Miðasala. Minnum einnig á „miðasöluna“ á orlofsvef FIT. Þar verður hægt að kaupa afsláttarmiða á hótलगistingu og flugmiðum, einnig veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída vegna ársins 2015 þann 3. mars kl.13:00. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 11.500.- auk þrifagjalds kr. 13.500.- á hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

LOKAÐ verður til 10. mars á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando. Þannig er þeim sem aldrei hafa farið áður veittur forgangur í eina viku fram yfir þá sem áður hafa farið.



Frá félagsfundi

Kjarasamningar samþykktir hjá FIT

UNDIRBÚNINGUR SAMNINGA.

Á síðasta ári var gerð rafræn könnun meðal félagsmanna FIT, þar sem kannaður var hugur félagsmanna um það sem menn vildu sjá í kröfugerð félagsins fyrir komandi samninga. Tæplega 500 félagsmenn svöruðu kallinu og sendu inn svör. Sá efniviður sem þannig fékkst var fyrst notaður á trúnaðarmannaráðstefnu FIT og síðan á kjaramálaráðstefnu sem Samiðn hélt þann 20. september 2013.

NIÐURSTÖÐUR KJARAMÁLARÁÐSTEFNUNNAR VAR:

- Að gera samning til 6-12 mánaða með áherslu á efnahagslegan stöðugleika og vaxandi kaupmátt.
- Skammtímasamningurinn (aðfararsamningur) leggi grunn að kjarasamningi og vinnulagi til lengri tíma.
- Að fyrir liggi yfirlýsingar ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja SA um að gjaldskrár- og launahækkanir verði ekki settar út í verðlagið.
- Frágangur samkomulags um ábyrgð aðalverktaka á kjarasamningsbundnum réttindum starfsmanna undirverktaka.

- Að yfirlýsing frá árinu 2011 um jöfnun lífeyrisréttinda komi til framkvæmda.
- Að gert verði samkomulag um aðgerðir í húsnæðismálum.

Þessi niðurstaða var notuð til að móta þá kröfugerð sem lögð var fram fyrir hönd aðildarfélaga Samiðnar við Samtök atvinnulífsins og lagði grunninn að þeim samningi sem undirritaður var 21. desember sl.

FLEIRI SAMNINGAR

Þegar fyrir lá samningur við SA var farið í viðræður við viðsemjendur um sambærilegan samning vegna Meistarafélags byggingamanna, Sambands garðyrkjubænda og Bílgreinasambandsins. Fljótlega náðust sambærilegir samningar við viðsemjendur og voru samningarnir því bornir undir félagsmenn í rafrænni atkvæðagreiðslu. Kosningu lauk kl. 9 miðvikudaginn 22. janúar og voru úrslit birt um kl. 13 sama dag.

NIÐURSTAÐA KOSNINGA UM SA SAMNINGINN

Félagsmenn FIT samþykktu kjarasamning



Frá fundi um kjarasamning.

Samiðnar f.h. aðildarfélaga við Samtök atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamann og Samband garðyrkjubænda. Reyndust 47,75% samþykkir samningnum en 48,34% voru andvígir, 3,91% tóku ekki afstöðu. Kosningaþátttökan var 19,11%. Samningurinn telst því samþykktur með 51,66% atkvæða þar sem hlutfall þeirra sem merkt höfðu við nei náði ekki meirihluta greiddra atkvæða sbr. 5.gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

KOSNING UM SAMNING VIÐ BÍLGREINASAMBANDIÐ

Í kosningunni um samning sem gerður var við Bílgreinasambandið, voru 49,43% samþykkir samningnum en 47,13% voru andvígir, 3,45% tóku ekki afstöðu. Samningurinn var því samþykktur með 52,87% atkvæða þar sem hlutfall andvígna náði ekki meirihluta greiddra atkvæða sbr. 5.gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Kosningaþátttöka var 18,27%.

HELSTU ATRIÐI NÝRRRA KJARASAMNINGA

- Hinn 1. janúar 2014 skulu öll laun hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.
- Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.
- Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600
- Orlofsuppbót (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 29.500
- Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækka um 0,1%.
- Aukinn réttur vegna veikinda í orlofi erlendis

HELSTU ÁVINNINGAR SAMNINGSINS

- Almenn launahækkun.
- Sérstök áhersla á hækkun lægstu launa.
- Aukið fjármagn og kraftur settur í starfsmenntamál.
- Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256.000 kr. í 290.000 kr.
- Skatthlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8% í 25,3%.
- Stærstu sveitarfélög landsins hafa tekið áskorun verkalýðshreyfingarinnar og hækka ekki gjaldskrár sínar um áramót.
- Gjaldskrárhækkanir ríkisins verða ekki meiri en 2,5% á ári, ríkisstjórnin mun endurskoða breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar.
- Unnið verði að því að við framkvæmd kjarasamninga verði miðað við umfang umsaminna launahækkana ásamt samningsbundnum starfsaldurshækkunum og starfsþróunar þannig að hún samrýmist verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands.
- Ráðist verður í markvissar aðgerðir til stuðnings kaupmætti.
- Samstilltar aðgerðir samningsaðila til að halda verðbólgu innan 2,5% markmiðs Seðlabanka Íslands.

NÆSTU SKREF

Lokið hefur verið við samning við Félag pípulagningameistara þar sem launataxtar voru færðir nær greiddu kaupi en kostnaðaráhrif samningsins eru innan markmiða þess kjarasamnings sem gerður var við SA.

Eftir er að ná samningum við Ríkið, Reykjavíkurborg, Strætó, Orkuveituna, Kirkjugarða Reykjavíkur, Landsvirkjun, Félag ráðgjafaverkfræðinga og Elkem Ísland.



Nýuppgerð íbúð í Smárahlíð á Akureyri.

Endurnýjun á tveimur íbúðum á Akureyri

Í haust var lögð mikil vinna í að gera endurbætur á tveimur íbúðum FIT á Akureyri, þ.e. Smárahlíð 16 og Furulundi 11a. Í Smárahlíð 16 var skipt um eldhúsinnréttingu og gólfefni í eldhúsi og á gangi. Settir nýjir sólbekkir í stofu og hjónaherbergi og íbúðin máluð hátt og lágt. Svipaða sögu er að segja um Furulund 11a. Þar er búið að skipta um eldhúsinnréttingu og gólfefni í eldhúsi. Skipt var um lofta-

plötur í stofu, ný hurð sett í forstofu og skipt um sólbekki í stofu og hjónaherbergi. Áður hafði verið skipt um plötur á útveggjum framan á húsinu og svalahurð í stofu. Íbúðin var svo máluð hátt og lágt.

Nýtt sófasett var sett í báðar íbúðirnar og eru þær báðar komnar í fulla útleigu og veitir ekki af, því nú er skíðavertíðin hafin og mikil eftirspurn eftir íbúðunum.



Eins og sjá má var allt tekið í gegn að utan sem innan.



Sveinn Ingason

Sveinn Ingason, ritari stjórnar FIT, lést þann 13. desember sl.

Svenni, eins og hann var alltaf kallaður starfaði mikið að verkalyðsmálum hin síðari ár eða frá því hann var kosinn trúnaðarmaður ÍSAL 1993 og í trúnaðarráð Biliðnafélagsins 1997. Hann var kjörinn varaformaður þess félags 1998 og síðan ritari stjórnar FIT þegar það félag var stofnað 2003 og gegndi þeirri stöðu síðan. Svenni gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir FIT. Sat í miðstjórn Samiðnar, var fulltrúi í Starfsgreinaráði farartækja og flutningsgreina, framkvæmdastjóri Bílmenntar og fulltrúi á mörgum þingum Samiðnar og ASÍ. Hann sótti auk þessa fjölmarga fundi og ráðstefnur á vegum félagsins. Svenni var varamaður í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins 2010 til 2012. Undanfarin ár gegndi hann því hlutverki að vera fararstjóri í Heldrimannaferðum FIT við fádæma góðar undirtektir. Í þessum ferðum lék Svenni á alls oddi, spilaði á gítar og fór með gamanmál og vísur en hann kunni ógrynna af slíku.

Árið 1969 lauk Svenni námi í bifvélavirkjun hjá álverinu í Straumsvík og starfaði þar alla tíð síðan eða í 44 ár. Í álverinu var hann virtur og dáður og

vítamínsprautu í félagsstarfi vinnustaðarins.

Svenni var, eins og áður sagði, kosinn trúnaðarmaður þar 1993 og var ritari trúnaðarráðs frá 2010.

Svenni var einstaklega handlaginn og smíðaði ótal gripi fyrir sig og aðra. Hann átti auk þess fjölmörg áhugamál, spilaði lengi í hljómsveitum, stundaði stangveiði og veiðileiðsögn af ástríðu og renndi sér á skíðum af mikilli fimi. Hann var auk þess félagi í Lionsklúbbi Kópavogs og í Oddfellow hreyfingunni. Þrátt fyrir þetta hafði hann alltaf tíma fyrir þá sem leituðu til hans, hvort sem um var að ræða vinnufélaga, vini eða fjölskyldu.

Svenni var drengur góður og mikill vinur vina sinna, hafði góða nærveru og átti auðvelt með að umgangast fólk. Hans verður sárt saknað. Um leið og við þökkum fyrir allt það góða og óeigingjarna starf sem Svenni lagði á sig fyrir félagið, vottum við Birnu, eftirlifandi eiginkonu og fjölskyldunni allri, okkar dýpstu samúð. Blessuð sé minning Sveins Ingasonar.

STJÓRN OG STARFSFÓLK FÉLAGS IÐN- OG TÆKNIGREINA.



TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FIT FYRIR AÐALFUND 2014

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2016.

Varaformaður	Tryggvi F. Arnarson
Gjaldkeri	Ármann Ægir Magnússon
Meðstjórnendur	Einar Þór Gíslason Sveinn Jónsson Andrés H. Hreinsson Helgi Pálsson
Varamenn	Ingigerður Magnúsdóttir Logi Halldórsson Rúnar Bogason
Aðalmaður í stjórn til 2015 í stað Sveins	
Ingasonar	Helgi Ólafsson

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2014 um aðalmenn í helming trúnaðarráðs til ársins 2016

- 2 Kristján Þórðarson
Vík Húsasmiður
- 4 Kristján Geir Jóhannesson
Kópavogi Bifvélavirki
- 6 Kristinn Bjarnason
Reykjavík Bifvélavirki
- 8 Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 10 Orri Sturluson
Hafnarfirði Húsasmiður
- 12 Reynir Pálmason
Reykjavík Bifvélavirki
- 14 Finnur Traustason
Reykjavík Málari
- 16 Guðmundur Ottósson
Reykjavík Bifreiðasmiður
- 18 Reynir Olgeirsson
Reykjavík Blikksmiður
- 20 Elías Þorsteinsson
Akranesi Vélvirki
- 22 Benedikt Jónsson
Reykjavík Garðyrkjum.
- 24 Birgir Gíslason
Reykjavík Málari
- 26 Hlynur Kristjánsson
Reykjanesbæ Húsasmiður
- 28 Árni Stefánsson
Reykjavík Pípulagningam.
- 30 Sveinbjörn Örn Arnarson
Mosfellsbæ Múrari
- 32 Stefán Sigurbór Agnarsson
Vestmannaeyjum vélvirki
- 34 Ólöf Magnúsdóttir
Reykjavík Tækniteiknari
- 36 Stefanía Stefánsdóttir
Grindavík Tækniteiknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2016

- 40 Gunnar Geir Ólafsson
Mosfellsbæ Bifvélavirki
- 42 Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 44 Eiríkur Gunnarsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 46 Gunnar Kristinsson
Kópavogi Múrari
- 48 Sævar Garðarsson
Reykjavík Múrari
- 50 Magnús Heiðar Þorgeirsson
Reykjavík Blikksmiður
- 52 Guðmundur Bergsson
Selfoss Húsasmiður
- 54 Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Selfossi Skróðgarð.
- 56 Grímur Björnsson
Akranesi Vélvirki
- 58 Ólöf Anna Ólafsdóttir
Reykjavík Garðyrkjum.
- 60 Georg Kristinn Sigurðsson
Reykjanesbæ Húsasmiður
- 62 Sigurður Geirfinnsson
Reykjanesbæ Húsasmiður
- 64 Jóhannes Grettisson
Vestmannaeyjum Húsasmiður
- 66 Magnús Már Haraldsson
Reykjavík Pípulagningam.
- 68 Hans Ísebarn
Mosfellsbæ Múrari
- 70 Ingibjörg Kristín Valsdóttir
Mosfellsbæ Tækniteiknari
- 72 Alfons Christian Jónsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 72 Sigurður Hergeir Einarsson
Hafnarfirði vélvirki
- 74 Einar Gunnarsson
Reykjavík Blikksmiður

Tillaga uppstillingarnefndar um aðal- og varafulltrúa á aðalfundi Festu lífeyrissjóðs árið 2014

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Sandgerði
Hlynur Kristjánsson	Reykjanesbæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Sigurður Geirfinnsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Sandgerði

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI SAMEINADA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2014

- | | | |
|----|------------------------------|-------------|
| 1 | Hilmar Harðarson | Reykjavík |
| 2 | Tryggvi Arnarsson | Reykjavík |
| 3 | Ármann Ægir Magnússon | Hveragerði |
| 4 | Georg Óskar Ólafsson | Reykjavík |
| 5 | Helgi Pálsson | Reykjavík |
| 6 | Valdimar Birgisson | Reykjavík |
| 7 | Einar Þór Gíslason | Reykjavík |
| 8 | Vilhjálmur Gunnarsson | Akranes |
| 9 | Gunnar Björn Gunnbjörnsson | Reykjavík |
| 10 | Andrés Haukur Hreinsson | Garðabæ |
| 11 | Sveinn Jónsson | Reykjavík |
| 12 | Þorsteinn Kristmundsson | Hafnarfirði |
| 13 | Helgi Ólafsson | Reykjavík |
| 14 | Ólafur Kristinn Hafsteinsson | Hafnarfirði |
| 15 | Kristján Geir Jóhannesson | Kópavogur |
| 16 | Birgir Gíslason | Kópavogur |
| 17 | Kjartan Tómasson | Kópavogur |
| 18 | Hermann Guðmundsson | Reykjavík |

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLTRÚA Á ÞINGI ASÍ ÁRIÐ 2014

- 1 Hilmar Harðarson
- 2 Tryggvi Arnarsson
- 3 Ármann Ægir Magnússon
- 4 Gunnar Björn Gunnbjörnsson
- 5 Vilhjálmur Gunnarsson
- 6 Ólafur Magnússon
- 7 Georg Óskar Ólafsson
- 8 Helgi Pálsson
- 9 Valdimar Birgisson
- 10 Sveinn Jónsson
- 11 Einar Þór Gíslason
- 12 Helgi Ólafsson
- 13 Rúnar Bogason
- 14 Þorsteinn Kristmundsson
- 15 Andrés Haukur Hreinsson
- 16 Ólafur Kristinn Hafsteinsson
- 17 Ingigerður Magnúsdóttir
- 18 Kristján Þórðarson
- 19 Sigríður Runólfssdóttir
- 20 Logi Halldórsson
- 21 Kjartan Tómasson
- 22 Hermann Guðmundsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2014 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2015

Aðalmenn

Maron Tryggvi Bjarnason
Reykjavík Bifvélavirki
Kristinn Bjarnason
Reykjavík Bifvélavirki

Varamenn

Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Reykjavík Bifvélavirki
Arnar Helgason
Hafnarfirði Húsasmiður

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2014 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS 2015

Aðalmenn

Birgir Gíslason
Kópavogi Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði Bifvélavirki

Varamenn

Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2014

- 1 Rúnar Bogason
- 2 Stefán Agnarsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2014

- 1 Ingólfur Rögnvaldsson
- 2 Ármann Ægir Magnússon

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND 2014

Einar Þór Gíslason	Bifreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bifvélavirki
Birgir Gíslason	Málari
Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Guðmundur Bergsson	Húsasmiður



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn | Borgartúni 30 | 105 Reykjavík | www.lifeyrir.is